

## Fundur skólaráðs 19. mars 2018, kl. 16.00

Mætt voru: Guðbjörg M. Sveinsdóttir skólastjóri, Sigurveig Önundardóttir og Valdís Kristinsdóttir fulltrúar kennara, Birgitta Friðfinnsdóttir fulltrúi starfsmanna, Guðrún María Brynjólfsdóttir, Klara Bjarnadóttir og Ingunn Halldórsdóttir fulltrúar foreldra- og grenndarsamfélagsins, Guðbjörg setti fundinn kl. 16:00 og bauð fundargesti velkomna.

### Dagskrá:

1. Skóladagatal  
Guðbjörg fór yfir skóladagatalið og bar það upp til samþykkis. Skóladagatalið 2018- 2019 var samþykkt samhljóða.
2. Húsnæðismál  
Guðbjörg fór yfir stöðu mála varðandi húsnæði grunnskólans. Rætt var um lausa kennslustofu sem fyrirhugað er að setja upp við Hópsskóla, lausar stofur á Ásabrautinni, fjölda nemenda og aðstöðu til list- og verkgreina. Einnig var aðbúnaður almennt ræddur.
3. Starfsmannamál  
Guðbjörg sagði frá því að starfsmannasamtöl stæðu nú yfir og ljóst að auglýsa þarf í stöður þar sem núna eru leiðbeinendur. Nánar verður fjallað um starfsmannamál á næsta fundi skólaráðs.
4. Skólareglur  
Farið var yfir skólareglur og þær ræddar. Ljóst er að gera þarf þær sýnilegri í stofum og á göngum skólans og stefnt er að því að gera það núna á vordögum.
5. Önnur mál
  - a) Rætt var um hjálmanotkun nemenda okkar og mikilvægi þess að fá foreldra og lögreglu í lið með okkur.
  - b) Foreldrafulltrúar voru ánægðir með fyrirlestur Jóhannes Kristjánssonar sem haldinn verður fyrir 9. – 10. Bekkinga og foreldra þeirra 20.mars n.k.